

Ed.

**436. Frumvarp til laga**

[221. mál]

um breyting á lögum nr. 2 1. febrúar 1980, um breyting á lögum um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 13. febr. 1976.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980—81.)

1. gr.

Við lög in bætist nýtt ákvæði, til bráðabirgða, svohljóðandi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. skal útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum framleiddum á árinu 1981 nema 4,5% af fob-verðmæti útflutnings og útflutningsgjald af skreið og hertum þorskhausum framleiddum á árinu 1981 10% af fob-verðmæti útflutnings.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Með lögum nr. 5 13. febrúar 1976 voru öll lagaákvæði um mismunandi útflutningsgjöld af sjávarafurðum numin úr gildi og í stað þeirra lagt á eitt útflutningsgjald á sjávarafurðir. Í upphafi nam gjaldið 6% af fob-verði útfluttra sjávarafurða. Gjaldið var lækkað í 5% árið 1979 en síðan hækkað í 5,5% á árinu 1980. Voru þessar breytingar gerðar í tengslum við fiskverðsákvörðanir, beinlínis í því skyni að greiða fyrir þeim samningum.

Ein af forsendum fiskverðsákvörðunar frá 1. janúar 1981 var sú, að útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum yrði lækkað úr 5,5% í 4,5% af fob-verði afurðanna, en á móti yrði útflutningsgjald af skreið hækkað í 10% til þess að heildarfjárhæð útflutningsgjalda yrði sem næst óbreytt. Skyldi þessi tilhögun gilda á árinu 1981. Frumvarp þetta er flutt í beinu framhaldi af fiskverðsákvörðun frá 1. janúar 1981 og verður að skoðast í samhengi við þá ákvörðun.

**Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.**

Um 1. gr.

Þær breytingar á útflutningsgjöldum, sem hér er gert ráð fyrir, eru tíma- bundnar og taka til framleiðslu ársins 1981. Þess vegna er gert ráð fyrir, að við lög in í heild sinni bætist ákvæði til bráðabirgða, þar sem almenna reglan um 5,5% útflutningsgjald af sjávarafurðum er takmörkuð, þannig að af frystum afurðum framleiddum árið 1981 greiðist 4,5% útflutningsgjald, af skreið og hertum þorskhausum framleiddum 1981 greiðist 10% gjald, en útflutningsgjald af öllum öðrum sjávarafurðum verði óbreytt, 5,5% af fob-verði afurðanna.

Um 2. gr.

Þarfnast ekki skýringa.